



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Haust 2018

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*

Jólaljóð.

Stelpan, labbar ein, það er Þorláksmessukvöld og farið er að dimma, allt er kyrrt og hljótt.
Hún lítur upp í himininn og sér norðurljósinn, græn og rauð, skær og björt, hún lítur niður og sér
mjallhvítan snjóinn og í tunglsljósinu glitrar og skín á hann, hún horfir betur upp í himininn og sér
stjörnur sem eru eins og demantar á svörtum himninum.

Hún sér húsið hjá Jonna, besta vini hennar, og sér hvað þau hafa skreytt húsið undurfallega.
Hún lítur yfir bæinn og sér ljósadýrðina, því það eru jólaseríur á hverjum bæ.
Loks sér hún húsið sitt, best skreytta húsið í götunni, hún sér grenitréið í garðinum sem er
skreytt með jólaseríu frá því í fyrra.

Fyrir ofan tréið mætti sjá með ósýnilegri skrift, setninguna, Gleðileg Jól!!!

Sara Dögg Vignisdóttir



Frá samskipta- og útgáfunefnd



Kæru Delta Kappa Gamma systur

Nú hefur haust og vetur gengið í garð og minnt vel á sig víða um land. Íslendingar minnst 100 ára fullveldis Íslands og taka DKG systur örugglega víða þátt í þeim merka viðburði.

Fréttabréf DKG birtist ykkur hér á rafrænu formi eins og undanfarin ár með efni frá síðari hluta árs 2018 og því sem framundan er á næsta ári. Það koma fram áhugaverðar fréttir og fróðleikur frá stjórn og deildum og sýna þann metnað og dugnað sem býr meðal DKG kvenna. Landsforsetinn, Jóna Benediktisdóttir leggur út af sjötta markmiði DKG um að efla persónulegan og faglegan þroska. Vefstjórinn, Eygló Björnsdóttir birtir okkur góðar leiðbeiningar um hvernig við getum sem best nýtt vef DKG. Jóláhugleiðingin er að þessu sinni eftir Sigrúnu Klöru Hannesdóttur sem hvetur meðal annars til stuðnings við þróunarríki og hvernig við getum stutt við nýbúana hér á Íslandi.

Einnig segir María Steingrimsdóttir frá námstyrkjanefnd – ýmsum styrkjum sem DKG konur eiga kost á að sækja um. Viljum við sérstaklega nefna íslenska námstyrkjasjóðinn sem heyrir beint undir stjórn landssambands Delta Kappa Gamma og er umsóknarfrestur til 1. mars

<https://www.dkg.is/is/styrkir/namsstyrkjasjodur>. Svo getum við hlakkað til alþjóðaráðstefnu DKG á Íslandi sem haldin verður á Hótel Natúra dagana 25.-27. júlí 2019. Gott tækifæri fyrir íslenskar DKG-konur að hitta og kynnast erlendum systurum ásamt því að kynnast og/eða endurnýja kynni við konur úr öðrum deildum. Nánari upplýsingar eru í fréttabréfinu.

Hér birtist líka falleg jólasaga eftir Ingibjörgu Elsu Björnsdóttur þýðanda sem minnir okkur á hvað kjör fólks eru mismunandi.

Verum virkar og tökum þátt í félagsstarfinu og starfi landssambandsins. Það er alltaf gefandi að hittast, spjalla og deila því sem á okkur brennur hverju sinni.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG óskar ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Þórunna Jónsdóttir og Málfríður Kolbrún Guðnadóttir Epsilondeild



Pistill frá landssambandsforseta Jónu Benediktsdóttur

Kæru DKG systur



Sem ég sit í stofunni minni og legg upp í þennan pistil verður mér fyrst hugsað til tíðarfarsins því þegar gluggað er í gömul bréf finnst mér alltaf skemmtilegt að lesa hvernig tíðin hefur verið, í það minnsta í hugum bréfitara. Kannski mun einhver seinna skoða þessi skrif og leiða þá hugann að veðurfari, sem er jú einn af áhrifaþáttunum í lífi okkar Íslendinga. Haustið hefur farið vel með okkur enn sem komið er, í það minnsta hér á vestanverðu landinu. Nú er miður nóvember og úti er alauð jörð, 10 stiga hiti og rigning. Dagana hefur nú stytst talsvert og heima hjá mér, á Ísafirði, nær sólin ekki lengur upp fyrir fjöllin og hún skín því ekki beint á nefið á manni lengur. Þá þarf að hafa meira við til að lýsa upp hversdaginn og það er líka gaman að fylgjast með útsjónarsemi fólks við það.

Helstu viðfangsefni Landssambandsins um þessar mundir snúast um undirbúning alþjóðaráðstefnunnar, sem formaður stýrihóps mun fjalla um í sérstakri grein í þessu fréttabréfi, og að framfylgja framkvæmdaáætluninni sem við samþykktum fyrir þessi tvö ár sem kjörtímabil stjórnar stendur.

Þegar þetta er skrifað eru fjórar deildir komnar með myndir í félagatalið. Það er svo miklu skemmtilegra og árangursríkara að skoða þau félagatöl og hvet ég þær níu sem ekki eru komnar af stað með þetta að drífa þetta nú af.

Svo ætla ég að minna á hnappinn „Þekkingarforðinn“ á heimasíðunni okkar. Þar eru ennþá bara þrjú atriði. Þessi hnappur var hugsaður til að konur í samtökunum gætu sett inn efnisatriði sem þær eru tilbúnar til að fjalla um á ráðstefnum og öðrum kynningarfundum. Nokkurs konar „fyrirlestrasjóður“ bara ekki með peningum heldur með þekkingu. Við sáum fyrir okkur að hann gæti verið gagnlegur bæði fyrir þær sem standa fyrir kynningum og ráðstefnum og fyrir þær sem vilja koma efni á framfæri. En það er undir ykkur komið, kæru DKG systur hvort þetta verður virkur hlekkur og hvet ég ykkur til að senda mér eða Eygló vefstjóra ábendingar um efni. Það er einfalt að fara á síðuna og skoða hvernig þetta er sett upp, hlekkurinn er <https://www.dkg.is/is/thekkingarfordinn>



Annað verkefni sem er komið í vinnslu er Landssambandsþing í vor, þingið verður haldið þann 4.maí í Reykjavík. Að þessu sinni var ákveðið að hafa þingið aðeins einn dag þar sem margt er á döfinni hjá okkur á þessu ári. Dagskrá þingsins liggur ekki alveg fyrir ennþá en ljóst er að aðalfundur verður fyrir hádegi. Þar munu nú fara fram kosningar og ég hvet ykkur til að taka vel í beiðni uppstillingarnefndar um að taka að ykkur verkefni þegar þar að kemur. Í svona litlu félagi má gera ráð fyrir að allir þurfi einhvern tímann að taka þátt í stjórnarstörfum og DKG eru í eðli sínu samtök sem snúast um að efla konur til forystu.

Og þá er komið að því sem mig langar að skrifa um í dag, sem eru hugleiðingar um hvernig maður getur unnið að sjötta markmiði DKG, að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni. Í mínum huga þýðir þetta jafnframt að efla konur til forystu. Ef maður stendur traustum fótum í þekkingu sinni og er virkur í félagsstarfi eru allar líkur á því maður sinni einhverskonar forystuhlutverki hvort sem það er formlegt eða óformlegt. Við erum allar fyrirmyndir fyrir einhverja og oft án þess að hafa hugmynd um það sjálfar og við eigum okkur líka fyrirmyndir í konum sem okkur þykir mikið til koma einhverra hluta vegna.

Við sem sinnum kennslu barna og ungmenna hugsum alla daga um að efla þroska þeirra en gleymum kannski stundum að hugsa um okkar eigin persónulegan þroska, látum eins og hann komi sjálfkrafa. Við höldum jú áfram að þroskast meðan við lifum og ekki síst þegar við tökumst á við að læra eitthvað nýtt. En við getum verið okkur meðvitaðari um þetta og beint sjónum okkar ákveðnar að verkefnum sem eru eflandi. Í hvert sinn sem maður tekst á við ný verkefni er maður að læra og nám breytir manni, maður fer að hugsa á nýjan hátt. Það fer svo eftir eðli verkefnanna hvort maður er að læra eitthvað glænýtt eða bæta við sig í einhverju sem maður hefur þekkingu á fyrir. Hvorutveggja eflir mann og um leið og maður sjálfur eflist verður maður færari um að hvetja aðra til að sinna sjálfum sér þannig að það verði til persónulegra framfara. Í gegnum þátttöku í DKG gefst fjöldinn allur af tækifærum til að læra nýja hluti og takast á við verkefni. Bara það að fylla út umsóknir um styrki eða þátttöku í einhverju af alþjóðlegu verkefnum felur í sér að skoða eigin stöðu og þá kemur flestum á óvart hvað listinn yfir það sem þær hafa komið í verk er langur. Að ögra sjálfum sér með því að taka þátt í verkefni á alþjóðavísu er líka öflug leið til að efla persónulegan þroska, það fann ég glöggt á eigin skinni með þátttöku í Golden Gift námskeiðinu í sumar. Það var ekki alltaf auðvelt að halda athyglinni og reyna að vera gáfulegur á erlendu máli í löngum vinnulotum og eftir á að hyggja veit ég ekki hvort ég lærði meira af fyrirlestrum eða þátttökunni því það var engar undakomu auðið, maður einfaldlega varð að vera með. Stundum var það erfitt en það eru einmitt slíkir erfiðleikar sem efla mann, því þegar maður lætur sig hafa það sér maður að verkefni eru ekki óviðráðanleg og þegar þeim er lokið sér maður að þau hafa gert manni gott. Þátttaka í félagsstarfi gefur hlutfallslega af sér eins og lagt er í hana, þess meira sem maður gefur þess meira fær maður til baka með fjölbreyttum hætti. Ég læt þetta vera lokaorðin að sinni og hvet ykkur allar til að nýta þau tækifæri sem þátttaka í DKG gefur til að takast á við fjölbreytt verkefni sem efla okkur á ýmsum sviðum.

Bestu kveðjur frá Ísafirði

Jóna



Alþjóðaráðstefna DKG á Íslandi í júlí 2019.

Það er full ástæða fyrir DKG systur að hlakka til næsta sumars, en þá verður haldin alþjóðaráðstefna DKG á Íslandi. Þetta er einstakt tækifæri fyrir íslenskar DKG konur að hitta erlendar systur víða að úr heiminum. Einnig er þetta gott tækifæri til að kynnst konum úr öðrum deildum. Mikilvægt er að íslenskar DKG systur fjölmenni á ráðstefnuna. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Natúra dagana 25.-27. júlí á næsta ári.

Setningarathöfnin verður síðdegis þann 25. júlí, en ráðstefnunni lýkur stuttu eftir hádegi á laugardeginum 27. júlí. Yfirskrift ráðstefnunnar verður "Professional Research and Practice in enhancing the Learning Community and the 6 Cs". Fjallað verður um rannsóknir og verkefni úr kennslu sem efla lærdómssamfélagið og sjónum beint að hugtökum sem notuð hafa verið í tengslum við þróun þess s.s. sköpun, samskipti, samvinnu og gagnrýna hugsun. Auk fyrirlestra verða vinnustofur með margvíslegu efni og örfyrirlestrar (TakeAways).

Félagskonur geta sótt um að halda vinnustofur og örfyrirlestra. Opið er fyrir umsóknir um hvort tveggja til 15. febrúar og eru umsóknareyðublöð á vef alþjóðlegu samtakanna.

Ýmislegt verður gert til skemmtunar í tengslum við ráðstefnuna. Fyrsta kvöldið verður farið í skemmtiferð innan höfuðborgarsvæðisins og á föstudagskvöldinu verður hátíðarkvöldverður. Ráðstefnan endar með hádegisverði í tilefni af 20 ára afmæli Evrópusamtaka Delta Kappa Gamma.

Undirbúningur er þegar hafinn á fullu. Stýrihópur skipa þær Jóna Benediktsdóttir, forseti landssambands DKG, Ingibjörg Jónasdóttir, forseti Evrópusamtaka DKG, Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri landssambandsins, Eygló Björnsdóttir, vefstjóri og fyrrverandi forseti landssambandsins og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, sem er formaður stýrihópsins.

Stýrihópur hefur skipað 5 nefndir til að vinna að hinum ýmsu málum. Guðný Helgadóttir er formaður dagskrárnefndar, Ingileif Ástvaldsdóttir er formaður kynningar- og fjölmiðlanefndar, Jensína Valdimarsdóttir er formaður fjárhagsnefndar, Eygló Björnsdóttir er formaður skráningarnefndar og Ingibjörg Einarsdóttir er formaður viðburðanefndar. Þær hafa fengið í lið með sér fjölda DKG kvenna og hægt er að sjá skipan nefndanna á vefnum dkg.is undir krækjunni Alþjóðaráðstefnan 2019. Skráning á ráðstefnuna hefst þann 15. janúar næstkomandi. Þá verður einnig mögulegt að bóka herbergi á ráðstefnuhótelinu. Allar upplýsingar um ráðstefnuna verða aðgengilegar á sérstakri vefsíðu. Slóðin á hana er <https://dkgerc2019.weebly.com/> Það er dýrt að halda svona stóra ráðstefnu og mikilvægt að við leggjum okkur fram um að sækja um styrki til að greiða niður kostnað. Góð ráð frá félagskonum eru vel þegin varðandi möguleika á styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Þegar nær dregur verður þörf á aðstoð frá fleiri félagskonum til að ráðstefnan megi lukkast sem best. Margar hendur vinna létt verk. Þær ykkar sem vilja leggja sitt af mörkum geta haft samband við formenn nefnda.

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir



Að gera gagn og gleðja aðra

Í desember eru margskonar tímamót í lífi hvers og eins. Þá er bráðnauðsynlegt að líta yfir farin veg á því ári sem senn er liðið og íhuga hvort við höfum gert gagn. Í desember er hægt að hlakka til jólanna sem senn koma og gefa okkur tækifæri til að gleðja aðra. Á þessum tímamótum er líka gagnlegt að horfa til framtíðar og velta fyrir sér sinni eigin stöðu og hvað það er sem okkur langar til að gera á næstunni.

Það er þetta tvennt sem mér finnst ég brenna fyrir í lífinu, það er annars vegar **að gera gagn** og hins vegar **að gleðja aðra**.

Ég varð nýlega 75 ára og í baksýnispeglinum get ég skoðað enn lengra tímabil en bara árið sem er að líða. Ég viðurkenni í hjarta mínu að ég hef ekki notað fyllilega öll þau tækifæri sem mér hafa boðist til að koma þessum viðhorfum í framkvæmd. Kannski fallast okkur hendur þegar við heyrum um alla eynd heimsins, heyrum um flóttamenn sem leggja út í tvísýnu og fórna lífi sínu til þess að leita að möguleikum til betri afkomu, heyrum um öll börnin sem ekki fá menntun vegna fátæktar og aðstæðna sem eru ekki á nokkurn hátt þeim viðráðanleg. Er þetta ekki vonlaust mál? Enginn einstaklingur ræður við ógnir heimsins þar sem alltaf eru til peningar fyrir vopnum, jafnvel hjá sveltandi þjóðum. Við ráðum ekki við þetta og höfum við þá ekki afsökun fyrir því að gera ekki neitt? Það er alla vega freistandi að friða samviskuna með því.



*Í okkar heimshluta, og sérstaklega hjá okkur á Íslandi, höfum við mýmörg tækifæri til **að gera gagn – gleðja aðra** og láta eitthvað gott af okkur leiða og nú langar mig til að hugsa upphátt og fá ykkur til að hugsa með mér.*

Skoðum Delta Kappa Gamma, samtökin okkar. Ég er svo lánssöm að hafa fengið möguleika á að starfa innan Delta Kappa Gamma samtakanna í rúmlega 40 ár og mér finnst ég stundum hafa getað lagt hönd á plóg varðandi þau málefni sem ég brenn fyrir – en samt alltof sjaldan. Við erum samtök kvenna sem ætlum okkur að hafa áhrif í heiminum og við sem höfum séð aðstæður víða í heiminum getum strax gert okkur grein fyrir því hvað lítil aðstoð getur breytt miklu. Mín tillaga er því þessi:



Hver og ein deild DKG á Íslandi taki skóla í fóstur t.d. í flóttamannabúðum eða á hamfarasvæðum, eða bara í þeim aðstæðum þar sem stuðningur við skólustarf er brýnn og þar sem lítið þarf til að breyta miklu.

Persónuleg tengsl skipta oft miklu máli og hjálpa þeim sem vinna við hræðilegar aðstæður til að þrauka.

Við erum allar kennarar á ýmsum stigum menntamála. Hver og ein okkar getur haft ómæld áhrif bara með því að gefa ofurlítið af tíma okkar aukalega til að styðja við nám erlendra barna eða kvenna á Íslandi sem eiga við erfiðleika að etja í tengslum við nám í íslensku. Mín tillaga er því þessi: **Hver og ein okkar eða nokkrar saman getum stutt við erlenda konu og barn sem eru að reyna að nema hér land en tungumálið er þeim fjötur um fót.** Þótt við bara gerum einni konu eða einu barni gagn, geta komið fram margs konar margfeldisáhrif fyrir þá sem næstir standa.

Gefum af okkur til að gleðja aðra. Mín tillaga er þessi:

Næst þegar við förum út í búð eða hittum á förnum vegi einhvern sem er augljóslega ekki innfæddur Íslendingur, ættum við að staldra við, brosa og segja eitthvað fallegt og hvetjandi við þessa sál og auðvitað gerum við það á íslensku.

Eitt lítið bros eða jákvæð kveðja kostar ekkert en um leið gleður það okkur sjálfar. Eflaust gerið þið þetta margar í hvert sinn sem þið

heilsað einhverjum sem ekki er innfæddur, en ef við gerum þetta allar að reglu, þá sköpum við jákvæðni í kringum okkur, gleðjum einhvern og gerum okkur og samfélaginu gagn um leið. Margir halda að það sé svo dýrt að sinna hjálparstarfi og að hver og ein okkar hafi nóg með sig. Ég er þessu ósammála. Það er svo margt sem kostar ekkert og er aðeins spurning um viðhorf. Það er líka margt sem kostar ekki mikið en getur gert gríðarlegt gagn. Svo er líka margt sem kostar meira, en með samtakamætti okkar getum við lyft Grettistaki.

Gerum þetta að áramótaheiti okkar og látum það vera okkar draum fyrir næsta ár **að gleðja aðra og að gera gagn** á sviði menntamála, hér heima og erlendis.

Ég sendi ykkur öllum mínar bestu jóla- og nýársóskir og hlakka til að starfa með ykkur á næstu árum.

Sigrún Klara Hannesdóttir



Frá deildum

Beta

Það er orðin hefð að Beta- og Mýdeildarkonur hefji hauststarfið á að fara saman í ferð. Að þessu sinni lá leiðin til Sauðárkróks til fundar við Nýdeild. Þegar til Sauðárkróks var komið var ekið að Sútunarstöðinni, þar sem félagskonur úr Nýdeild hittu hópinn. Þar var kynning á starfsemi sútunarstöðvarinnar og Sjávarleðri og gefinn kostur á að versla í Gestastofu Sútans. Síðan var haldið á Kaffi Krók þar sem Nýsystur tóku formlega á móti Beta- og Mýsysturum. Jenný Þórkatla Magnúsdóttir formaður Nýdeildar bauð konur velkomnar og hóf dagskrána með skemmtilegu bingói sem fékk konur til að spjalla saman og kynnast í leiðinni. Konur nutu svo samveru og góðra veitinga fram eftir kvöldi og er öruggt að framhald verður á samvinnu þessara þriggja deilda.



Þann 5. október héldu Beta- og Mýsystur þriðja samræðuþing í tilefni af Alþjóðadegi kennara. Að þessu sinni var þingið haldið í Hofi og bar yfirskriftina: *Að vera kennari lygilega gaman* og fjallaði um gleðina í kennslu. María Pálsdóttir leikkona var með hugleiðingu um kennarastarfið og stýrði hópavinnu. Þingið var vel heppnað og fór fólk vel nestað heim með hugmyndir sem nýta má í kennslu. Fyrsti formlegi fundur Betadeildar var svo haldinn í Brekkuskóla 15. október þar sem vetrardagskráin var kynnt og tvær nýjar konur boðnar velkomnar í deildina.





Þegar þetta er skrifað er sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýsystra framundan. Hann verður haldinn í húsi Náttúrulækningafélagsins í jólalegu umhverfi í Kjarnaskógi. Haustið hefur verið viðburðaríkt og eru konur í Betadeild virkar og vakandi yfir því sem efst er á baugi í samfélaginu.

Með góðri kveðju frá Akureyri,
Sigríður Magnúsdóttir

Gestur fundarins var Anna Soffía Víkingsdóttir sérfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri, júdópjálfari og baráttukona í Meetoo byltingunni. Hún sagði Betakonum frá vinnu sinni í baráttumálum kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt því sem Anna Soffía lýsti sínu starfi og hugmyndum mátti greina mikinn áhuga Betakvenna fyrir málefnum og var baráttuandinn sannarlega til staðar.

Anna Soffía fékk lof í lófa fyrir framtak sitt í málefnum kvenna í íþróttum og hvatningu um framhaldið. Vakinn var svo athygli á Kvennafrídegnum 24. október og voru konur hvattar til þátttöku á samstöðufundi á Ráðhústorgi. Þess ber að geta að margar Betakonur mættu og tóku þátt í dagskránni.



**Betadeild var stofnuð
þann 2. júní 1977.
Í henni eru konur frá
Akureyri og nágrenni**

Delta

Ný stjórn tók við í Deltadeild á miðju sumri eins og lög gera ráð fyrir.

Jónína Eiríksdóttir er formaður, Þórunn Reykdal varaformaður, Jónína Erna Arnardóttir meðstjórnandi, Dagný Emilsdóttir ritari og gjaldkeri er áfram Sóley Björk Sigurþórsdóttir. Haustið var notað til að fram færu stjórnarskipti þar sem gögn voru afhent og endar spunnins þráðar afhentir til að ekki slitnaði nú sá góði þráður sem heldur starfinu gangandi á góðan máta og við eigum allar einhvern þátt í. Formaður sótti svo framkvæmdaráðsfund landssamtakanna sem haldinn var í Kennarahúsinu í Reykjavík laugardaginn 8. september. Þangað var að sækja mikla andlega næringu og samveru ofurkvenna af öllu landinu. Mikill kraftur er þarna á ferðinni, það fór ekki á milli mála og vel tekið á móti nýliðum eins og mér og við fengum ýmis góð ráð í pokann okkar – og frábærar veitingar. Næst kom stjórn deildarinnar saman, framkvæmdastjórnin, og farið var yfir punkta frá landssambandsstjórninni og einnig þá, sem unnir voru s.l. vor um áherslur og áhuga félagskvenna sjálfra. Við höfum allar löngun til að deildarstarfið blómstri sem best og að við verðum sem virkastar í því til að njóta til fullnustu. Ef ég ætti sjálf að leggja mat á síðasta tímabil deildarinnar, þá finnst mér að mjög vel hafi tekist til við að virkja konur og stofna til gefandi samveru. Punktarnir, sem komu útúr hugstormum vorsins voru rifjaðir upp á framkvæmdaráðsfundinum og settir skipulega niður á lista, sem fylgir okkur af stað inní fyrsta starfsár nýrrar stjórnar.

Það er svolítill handleggur að skipuleggja heilan vetur, en við komumst langt með það framkvæmdaráðið og á fyrsta fundi haustsins í Grunnskóla Borgarness, var beinagrind að



starfinu samþykkt þó að ekki væri allt komið þar á sinn stað.

Á fyrsta félagsfundinum okkar 10. október í Borgarnesi eins og áður segir, fengum við kynningu á nýbreytni í starfi Grunnskólans í Borgarnesi, en það gengur undir nafninu, Búbblan hennar Elínar Kristinsdóttur. Það er eins konar kyrrðarsetur, sem hún starfrækir allan skólatímamann og fær nemendur í litlum hópum til sín í rólegheit og slökun, þar sem hún hvetur til næðis og íhugunar. Okkur var öllum boðið í slökun og búbblan vakti svo sannarlega áhuga hjá okkur. Hér er greinilega um góðan sprota að ræða í erli skólasamfélagsins.



Við höfum ákveðið að biðja eina konu deildarinnar að segja frá sjálfri sér á hverjum fundi í vetur og Jóhanna Karlsdóttir reið á vaðið. Hún sagði frá barnæsku sinni og uppvexti norður í Húnavatnssýslu og valdi lag til að syngja. Frásögn hennar var einstaklega skemmtileg og við munum halda áfram með svona kynningar. Þegar þessar línur eru skrifaðar er framundan annar fundur okkar í vetur. Hann verður í Reykholti – á fullveldisafmælisdaginn 1. desember. Samveran hefst í Reykholtskirkju þar sem við verðum viðstaddar Fullveldistónleika undir stjórn Jónínu Ernu Arnardóttur, Bergþórs Pálssonar og Trio Danols. Jónína er skólastjóri Tónlistarskóla Akraness og félagi Deltadeildar. Síðan verður haldið út á sýningu Snorrastofu, Árið 1918 í Borgarfirði, sem setti var upp í héraðsskólanum í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslendinga. Sýningin verður skoðuð og teknar verða myndir af félögum til að nota m.a. í félagatal samtakanna á Internetinu. Þá segir Dagný Emilsdóttir okkur frá eigin lífshlaupi og þrúður Kristjánsdóttir frá jóluþingi sínum heima. Við fögnum einnig nýjum félaga á þessum

fundu, Ingibjörgu Kristleifsdóttur, sem flyst til okkar úr Kappadeildinni. Heimakonur í Reykholti reiða fram súpu og Laufeyjarís í eftirrétt og svo verður sungið og unnið myndrænt og skapandi með markmið samtakanna. Við horfum framá veturinn með tilhlökkun og ef veturinn verður okkur farsæll getum við státað af 3 nýjum félögum, Ingibjörgu sem að framan er getið, Valgerði Janusdóttur og Gunnhildi Björnsdóttur. Húrra fyrir því. Það er nokkur spenningur í loftinu vegna Evrópuþingsins næsta sumar og við erum ákveðnar í að leggja okkur fram við að hjálpa til af fremsta megni og taka þátt í þinginu eftir efnum og ástæðum. Deltadeildin sendir kærleiks- systrakveðjur í fréttabréf samtakanna.

Jónína Eiríksdóttir



**Deltadeild var stofnuð
þann 5. júní 1987.
Í henni eru konur á
Vesturlandi
og suður til Reykjavíkur**

Minning

Kristín R. Thorlacius, kennari, þýðandi og rithöfundur.

Elskuleg systir okkar í Deltadeild, Kristín Rannveig Thorlacius, sem fædd var 30. mars 1933, lést sunnudaginn 2. júní 2018.

Kristín fæddist í Austurbæjarskólanum í Reykjavík í húsi foreldra sinna, Sigurðar Thorlacius fyrsta skólastjóra þar og Áslaugar Kristjánsdóttur konu hans. Föður sinn missti Kristín þegar hún var 12 ára gömul og ólst upp með móður sinni og 4 systkinum í Reykjavík.

Kristín tók stúdentspróf frá MR 1953 og vann fyrir sér með ýmsum skrifstofustörfum og segir sjálf í bókarkafnanum, „Ég er oddviti“ (Gísli Kristjánsson: Sextán konur. Rv. 1981), að líklega hafi hana skort á ræði til að fara í Háskólann. Við sem þekktum hana vitum þó vel, að þar hefði hún notið sín og var alla ævi leitandi eftir fróðleik og víðsýni. Áður en hún gekk í hjónaband með séra Rögnvaldi Finnbogasyni vann hún á Þjóðminjasafni Íslands. Vegna starfa prestsins bjuggu þau víða um land en frá 1973 á Staðarstað á Snæfellsnesi og frá 1985 í Borgarnesi. Kristín stýrði barnaskóla í Kjósinni í eitt ár, á meðan verið var að lagfæra prestsbústaðinn vestra og kenndi síðan löngum eftir það við Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi. Kennaraprófið sitt tók hún árið 1981 og sinnti þess utan ýmsu því sem samfélagið vestra kallaði hana til. Hún var meðal annars oddviti Staðarsveitar um skeið og sagði í sama bókarkafna og vísað er til



hér að ofan, að oddvitastarfið í litlum sveitahreppi væri í rauninni dæmigert kvennastarf: „Vanþakklátt, erfitt og illa launað“. Þau Rögnvaldur eignuðust 7 börn svo nóg hefur verið umleikis á stóru heimili, sem opið var gestum og gangandi og messukaffið fastur siður. Einnig sinnti hún fjárbúinu, æðarvarpi og öðru sem tilheyrir búsetu í sveit. Réttindaprófi fyrir starf á skólabókasafni sótti Kristín árið 1994 eftir að þau hjónin fluttu í Borgarnes og starfaði hún lengi á skólasafni Grunnskólans í Borgarnesi.

Með því afburða valdi sem hún hafði á íslensku veittist henni létt að þýða af erlendum málum og var afkastamikil á því sviði auk þess að semja sjálf nokkrar barnabækur og stunda ljóðagerð. Hún þótti afbragðs þýðandi og hlaut m.a. verðlaun fyrir þýðingu sína á barnabókinni Engilbjört og Illhuga eftir Lynne Reid Banks, sem gefin var út árið 2000.



Kristín var stoltur stofnandi Deltadeildarinnar 2. maí 1987. Hún sýndi okkur konum gott fordæmi með lifandi þátttöku sinni og starfi að samfélagsmálum. Þar birtist okkur hennar einlæga sannfæring, að allir væru jafnir, karlar og konur. Hún átti lengi þátt í stjórn deildarinnar auk þess sem hún auðgaði jafnan starfið með því að leggja til orð til umhugsunar, upplestur úr bókum og ljóðalestur svo eitthvað sé nefnt. Um árabíl hélt deildin stjórnarfundum á heimili þeirra hjóna í Borgarnesi, sem var einstakt að allri umgjörð og menningu og við minnumst fallestu félagsfunda þar.

Oft var haft á orði á félagsfundum okkar að Kristín væri ekki á landinu þessa dagana, hún væri á ferðalagi. Og það voru engar venjulegar ferðir, sem hún lagði í. Staðirnir, sem hún nefndi þegar heim kom voru svo framandi að fæstar okkar höfðum við hugmyndaflug til að láta okkur detta þeir í hug, hvað þá að heimsækja.

Það voru Austurlönd nær eða fjær og framandi strandir. Auðsjáanlega naut Kristín þessara ferða og greinilegt að þar svaraði hún þekkingarþorstanum, sem einkenndi hana alla tíð

Með Kristínu hefur Deltadeildin misst merkilegan félag og minnisstæðan, sem gekk fram í gleði og æðruleysi við að rækta og styðja starfið með elskusemi sinni, vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Við vottum aðstandendum okkar dýpstu samúð.

Guð blessi minningu Kristínar Rannveigar Thorlacius.

Jónína Eiríksdóttir formaður Deltadeildar á Vesturlandi.



Kappa

Kappakonur komu saman til vetrarstarfsins í lok september. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir nýr formaður Kappadeildar stjórnaði fundi. Tvær konur voru gestir fundarins en þær munu ganga í deildina á jólafundi í byrjun desember. Við gleðjumst mjög við að fá öflugar konur í deildina en söknum einnig tveggja kvenna sem hafa flutt út á land og hætt í deildinni.

Á fyrsta fundi vetrarins var vefsíða Delta-Kappa-Gamma sérstaklega kynnt og þær upplýsingar og efni sem þar er að finna. Einnig var minnt á fésbókarsíðu samtakanna og Kappadeildar. Kappadeild stefnir að því að hafa fésbókarsíðu deildarinnar lifandi með nýjustu upplýsingum. Í vetur verður gerð tilraun með að útbúa viðburð fyrir fundi Kappadeildar inn á fésbókarsíðunni. Farið var yfir starfsáætlun vetrarins og notið góðrar samveru eins og ávallt. Í lok fundar var Landsambandsþingið 4. maí kynnt og einnig Evrópuráðstefna samtakanna næsta sumar. Í október komu kappakonur saman á Gljúfrasteini og fengu leiðsögn Guðnýjar Dóru Gestsdóttur um sýninguna „Frjáls í mínu lífi“. Sýningin er tileinkuð Auði Laxness, handverki hennar og hönnun en í ár eru 100 ár frá fæðingu hennar. Einstaklega skemmtilegt var að koma að Gljúfrasteini og fræðast um líf og starf Auðar. Að lokinni leiðsögn var haldið í Mosfellsbæ þar sem haldin var fundur og lagt á ráðin um starfið.

Á báðum haustfundunum hafa félagskonur flutt orð til umhugsunar. Þær hafa þar deilt lífsreynslu, hugrekki, spurningum og vangaveltum sem fá okkur hinar til að hugsa



upp á nýtt. Rætt hefur verið um sköpunarkraft, listir í skólastarfi, hvert lífið leiðir okkur, hvað hefur áhrif á ákvarðanatöku og hvernig nýjar aðstæður geta leitt til nýrra áskorana og uppgötvana. Jólafundurinn er á dagskrá í byrjun desember og verður hann með hefðbundnu sniði. Hist verður í heimahúsi, borðaður góður matur og góður gestur kemur í heimsókn. Kappakonur munu síðan halda inn í aðventuna og hittast kátar og hressar á nýju ári.



**Kappadeild var stofnuð
28. mars 2007.
Í henni eru konur af
höfuðborgarsvæðinu,
flestar úr Hafnarfirði, Kópavogi og
Garðabæ.**



Epsilon



Í ágúst fundað ný stjórn og skipti með sér verkum:

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir formaður, Ingibjörg Ingaóttir varaformaður, Ásborg Arnþórsdóttir ritari, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Guttormsdóttir meðstjórnandi.

Stjórnin raðaði niður fundum vetrarins og sú ákvörðun var tekin að ein úr stjórn fengi 2 systur með sér hverju sinni og sæju þær um fund á „sínu svæði.“ Þess ber þó að geta að formaður þarf alltaf að blessa yfir barnið og ber ábyrgðina þegar upp er staðið. Þetta mæltist vel fyrir í deildinni.

Einnig var ákveðið að konur greiddu ákveðna upphæð til að eiga í sjóði til að nýta ef við þyrftum á að halda.

Könnun var gerð til að finna út hvaða dagar hentuðu best til að funda og komu fimmtu- og laugardagar best út. Því verður fundað á þeim vikudögum þennan veturinn.

Fyrstu fundur vetrarins var haldinn í Fræðslusetrinu á Hvolsvelli fimmtudaginn 20.september klukkan 17:30.

Ingibjörg Þ.Þ. setti fundinn og síðan voru venjuleg fundarstörf. Ásborg var með orð til umhugsunar og sagði okkur frá bók eftir systur sína, Lailu Margréti Arnþórsdóttur, Drekkinn innra með mér sem segir frá vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekkinn býr innra með stúlkunni og kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og takast á við þær. Sagan var áður flutt á fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem fram fóru í Eldborgarsal Hörpu í vor og var sögð af sögumanni (Halldóru Geirharðsdóttur) við tónlist eftir Elínu Gunnlaugsdóttur.

Elinborg sagði frá Evrópuþingi DKG sem hún og Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir drifu sig á. Þingið haldið var í Tallin í Eistlandi sumarið 2017. Elinborg skreytti frásögn sína með fallegum myndum sem hún tók og upptökum af tónlistaratriðum sem flutt voru á þinginu. Tónlistarkennsla er í hávegum höfð á öllum skólastigum í Tallin. Við fengum líka að sjá og þreifa á fallegum munum sem þær Elinborg og Ingibjörg Þ. komu með frá Tallin. Sigríður G. kynnti vef Landssamtakanna og Epsilon-vefinn okkar. Hún fór yfir ýmsan fróðleik og hagnýtar upplýsingar sem eru að finna á www.dkg.is og www.dkg.is/epsilon. Sigríður er formaður Félaga- og útbreiðslunefndar sem sér m.a. að uppfæra félagatalið - og á næstunni á að setja inn myndir af öllum systur í félagatalið.

Hún hvatti okkur til að senda inn myndir í góðri upplausn sem fyrst en hún er líka tilbúin að taka myndir af okkur á næsta fundi. Ingibjörg Þ. Þ. bað konur að nefna nöfn kvenna sem væri fengur í að fá í deildina okkar og nokkur nöfn voru nefnd. Hapdrættið var á sínum stað og eftir drátt og slit á fundi var farið í Eldfjallasetrið til að snæða.

2. fundur starfsársins 2018-2019 haldinn á Flúðum laurdaginn 27. október 2018 kl.11:00. Uppsveitarsystur sáu um hann, þ.e. Ásborg, Björg og Elín. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Venjuleg fundarstörf voru en aðalerindi dagsins flutti Ásborg. Hún kynnti starf og síbreytileg verkefni ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu. Þó það fari nú ekki hátt hefur Ásborg komið ótrúlegustu hlutum í verk og aðstoðað marga til að ýta góðum hugmyndum úr vör.

Sigríður Guðnadóttir tók einstaklingsmyndir af fundarkonum fyrir vefsíðu Epsilondeildar og nú eru myndirnar komnar inn á heimasíðu Epsilondeildarinnar.

Hapdrættið var á sínum stað. Formaður sagði frá konum sem hafa áhuga á að koma á næsta fund, deildi út dásamlegum rósum sem Elín færði okkur og sleit svo fundi. Síðan var vettvangsheimsókn í Gömlu laugina/Secret Lagoon sem er í dag einn af vinsælustu ferðamannastöðum Uppsveitanna. Björg kynnti merka sögu laugarinnar og einnig þá miklu uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað undanfarin ár. Það er sonur hennar Björn Kjartansson sem hefur unnið það verk og rekur

laugina í dag. Gamla laugin var upphaflega gerð 1891 og er elsta sundlaug á Íslandi. Talið er að þar hafi verið baðstaður í gegnum aldirnar, en laugin er í landi Grafar þar sem þingstaður Hrunamannahrepps var til ársins 1894. Fyrsta sundnámskeiðið í lauginn var haldið 1909 og síðan árlega til ársins 1947 www.secretlagoon.is

Samveran endaði á Farmers Bistro, Flúðasveppum Þar var borðaður hádegisverður af sveppahlaðborði, súpa, brauð og meðlæti. Að því loknu var kynning á fyrirtækinu og ræktuninni hjá Flúðasveppum sem er eini svepparæktandinn á Íslandi og Flúða-Jörfa sem voru fyrst til að rækta papriku á landinu, ræktunarferlið rakið og kíkt inn í sveppaklefa. www.farmersbistro.is

Næsti fundur verður haldinn í lok nóvember á Selfossi. Hann verður í umsjón Selfosskvenna. Hann verður vafalaust fróðlegur og skemmtilegur.



Epsilondeild var stofnuð 1989 og starfar hún á Suðurlandi.



Mý

Stjórnarskipti urðu í Mý deild í maí. Nýju stjórnina skipa Katrín Fjóla Guðmundsdóttir formaður, Petrea Óskarsdóttir, Ragnheiður Þórsdóttir, Þuríður Rósenbergsdóttir og María Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri. Fráfarandi formaður Bryndís Björnsdóttir er nýju stjórninni til halds og trausts. Þema vetrarstarfsins er að þessu sinni **Hugur og hönd** og var það ákveðið á stjórnarfundi í ágúst og einnig voru lögð drög að vetrarstarfinu. Fundarefni þessa vetrar geta því tengst: - verk- og tónlistarmenntun –Hvernig börn þurfa að spreyta sig í fjölbreyttu umhverfi með fjölbreyttan efnivið - læra af reynslunni (Learning by doing) -Hugarfar vaxtar (grow mindset) -Þú getur lært allt lífið, þjálfun hugar eru engin takmörk sett. -Mistök eru hluti af lærdómi. - Jákvæður agi.

Starfið byrjaði á sameiginlegri haustferð Beta- og Mý systra að hitta Ný-deildina í Skagafirði. Haldið frá Akureyri á Sauðárkrók. Á leiðinni var tekinn léttur spurningaleikur um ýmislegt sem tengist Delta -Kappa – Gamma samtökunum okkar. Ný-systur tóku á móti okkur við Sútunarstöðina á Sauðárkrók. Þar fengu konurnar ýtarlega og fróðlega kynningu á starfsemi sútunarstöðvarinnar og Atlantic Leather/Sjávarleðri. Eftir það var farið á Kaffi Krók þar sem spilað var skemmtilegt samræðubingó um áhugamál og að lokum var borðað saman.

Annar fundur deildarinnar var svo haldinn í Naustaskóla í október en þar fræddi Kristín Jóhannsdóttir skólustjóri Oddeyrarskóla okkur um Hugarfar vaxtar og sagði frá hvernig það nýtist í skólustarfinu. Fráfarandi formaður Mýdeildar Bryndís Björnsdóttir var með orð til umhugsunar.



Á Alþjóðadegi kennara þann 5. október héldu svo Beta-og Mýsystur í þriðja sinn sameiginlegt samræðubing. Að þessu sinni styrkti Kennarasamband í Íslands þingið sem bar yfirskriftina „Að vera kennari - lygilega gaman“ Katrín Fjóla Guðmundsdóttir formaður Mýdeildar setti þingið og María Pálsdóttir leikkona og kennari flutti stutt erindi um gleðina og í framhaldi af því fóru fram samræður og verkefnavinna þar sem leikur og gleði verða í fyrirrúmi. Þótti þingið takast einstaklega vel.

Þriðji fundur deildarinnar var í Dalvíkurskóla en þar voru tveir nýjir félagar teknir í deildina. Guðný Sigríður Ólafsdóttir var með orð til umhugsunar og Elísa Rán Ingvarsdóttir hélt erindi sem bar yfirskriftina “Að halda sér virkum og eldast á farsælan hátt”

Framundan er svo sameiginlegur jólafundur með Betadeildinni í lok nóvember og fyrirhugaðir eru þrjú fundir eftir áramót.

Mýdeild var stofnuð 2011 og starfar á Norðausturlandi.

Zeta



Stjórnarkonur í Zeta deild hittust á Egilsstöðum í byrjun september þar sem línur voru lagðar fyrir vetrarstarfið 2018-2019.

Ákveðið var að ekki yrðu gerðar breytingar á fyrirkomulagi funda, því óþarfi er að breyta því sem vel reynist. Skipulagðir eru sex fundir í vetur og fundir haldnir á þeim stöðum þar sem félagskonur búa. Skipulag funda er síðan í höndum kvennanna á staðnum.

Fyrsta fundinn átti að halda á Seyðisfirði því til stóð að tvær konur frá Seyðisfirði myndu ganga í félagið. Ekkert varð þó af þeim fundi þar sem veðurspá var ekki góð og ófærðarfundurinn frá því í vor ekki gleymdur. Fjarðarheiðin er ekki árennileg þegar veður versnar. Seyðfirsku konurnar eru þó ekki hættar við að ganga í félagið og vonumst við til að þær komist á fund til okkar fyrir en seinna.

Við náðum að halda fyrsta fundinn í Neskaupstað í október og gestur okkar var

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sem fræddi okkur um starfsemina. Markmið Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnaðilar að Austurbrú eru yfir 30 stofnanir, þar má nefna alla háskóla landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskóla og þekkingarsetur auk allra sveitafélaga á Austurlandi. Mikill fróðleikur sem við fengum hjá henni.

Við ætlum síðan að hittast á Egilsstöðum fimmtudaginn 22. nóvember næst komandi og fá í heimsókn til okkar hana Önnu Maríu Arnfinnsdóttur námsráðgjafa. Hún mun segja okkur frá því hvernig jákvæð sálfræði hefur nýst henni í starfi. Þessi umfjöllun á einkar vel við þema vetrarins sem er „andleg vellíðan og látum starfið blómstra“.

Að þeim fundi loknum munum við fara í jólafrí og við hittumst síðan aftur í febrúar. Svæðið okkar er víðfemt og félagskonur dreifast um svæðið. Við vinnum að því að efla deildina með því að fjölga bæði konum og stöðum hér fyrir austan.

Með kveðju frá Zeta deild
Guðrún Ásgeirsdóttir

**Zetadeild var stofnuð
1. júní 1990 og
starfar á Austurlandi og eru
félagskonur frá
Fljótshéraði og neðan af
fjörðum.**



Eta

Ný stjórn Etadeildar kom saman heima hjá formanni í september og lagði drög að fundum fyrir veturinn 2018-2019.

Dagssetningar sex funda frá október og fram til maí voru ákveðnar.

Stjórn ETA sér um fyrsta og síðasta fund en hinir fjórir eru í höndum ETA-systra.

Fyrsti fundurinn var 4. október og var haldinn í Seðlabankanum. Þar tóku á móti okkur systir okkar Ragnhildur Konráðsdóttir sem starfar í bankanum og Stefán Jóhann Stefánsson kynningastjóri bankans og aðstoðarseðlabankastjórinn Rannveig Sigurðardóttir. Boðið var upp á léttar veitingar og óformlegt spjall.

Dagsskráin var í aðalatriðum kynning á stafssemi bankans og mikilvægi hans í íslensku þjóðlífi.

Kynningin hófst með innleggi frá Rannveigu Sigurðardóttur en hún sýndi okkur meðal annars súlurit um fjölda starfsmanna sem og hlutfall kvenna og karla á undanförunum árum. Þá tók Stefán við og fór yfir helstu viðfangsefni bankans með glærum.

Kynningin var mjög áhugaverð og varpaði ljósi á ýmislegt varðandi fjármál landsins, verðbólgu og vexti. Að lokinni kynningu sagði Ragnhildur Konráðsdóttir okkur frá starfi sínu við upplýsingasvið bankans.

Enduðum kvöldið á veitingastaðnum Sumac á Laugavegi þar sem borin var fram dýrindiskvöldverður.

Annar fundur var haldinn 6. nóvember á Lækjarbrekku.

Fundurinn hófst með því að Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur gekk með okkur um



miðbæinn og sagði frá atburðum sem gerðust á fullveldisárinu 1918 og lýsti aðstæðum í Reykjavík á þessum tíma á lifandi hátt þannig að auðvelt reyndist að lifa sig inn í tíðarandann.



Þegar við komum til baka hófst hinn eiginlegi fundur sem formaður setti og fól svo Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur að stjórna fundi.

Orð til umhugsunar flutti Ólöf Helga Þór og síðan voru fjölbreyttar spurningar til Gunnars og voru svör hans og umræður mjög upplýsandi.

Að lokum var matur borinn fram.

Ákveðið hefur verið að þriðji fundur, jólafundurinn verði heima hjá ETA-systur Bryndísi Sigurjónsdóttur þann 6. desember og hefur Auður Ava Ólafsdóttir verið fengin til að lesa upp úr bók sinni, Ungfrú Island.

F. h. ETA-deildar
Björg Kristjánsdóttir formaður

**Etadeild var stofnuð
í Reykjavík
6. júní 1997**



Iota



Ný stjórn IOTA deilar hittist í lok september, skipti með sér verkum og skipulagði vetrarstarfið. Fyrsti fundurinn var haldinn á Þingeyri við Dýrafjörð. Fjörðurinn tók vel á móti okkur í fallegu veðri. Við byrjuðum á að kynna starfsemi Blábankans en það var Haukur Sigurðsson sem tók á móti okkur og kynnti okkur starfsemi Blábankans.



Blábankinn er til húsa í húsi sem áður hýsti bankastarfsemi.

Blábankinn er þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð, þar er t.d. þjónusta fyrir Landsbankann, Verkalýðsfélag Vestfjarða og upplýsingaveita fyrir Ísafjarðarbæ. Boðið er uppá ýmsar

samverustundir fyrir íbúa Þingeyrar, s.s. lesstundir, unnið að margskonar sköpun og eru vinnustofur til taks fyrir margskonar frumkvöðla. Í Blábankanum er staðsettur starfsmaður þróunarverkefnisins Brothættar byggðir. Við fengum að upplifa að sjá samverustund í bankanum með sýndarglærum sem var einstök reynsla. Eftir kynninguna var formlegur fundur haldinn á heimili Kristínar Bjarkar. Góðar umræður sköpuðust yfir borðum um persónuverndarlögin og nýafstaðin samræmdpróf í 4. og 7. bekk. Næsti fundur verður mánudaginn 19. nóvember, þá heimsækjum við nýstofnaðan Lýðháskóla á Flateyri. Það verður væntanlega mjög áhugavert að kynna skipulagi og starfsemi þessa nýja skóla sem bæst hefur í flóru lærdómssamfélagsins hér á Vestfjörðum. Ný systir mun ganga til liðs við okkur á þessum fundi Vilborg Ása Bjarnadóttir grunnskólakennari á Suðureyri. Fundurinn okkar í desember verður haldinn á Hótel Ísafirði. Þar mun kennarinn og þýðandinn Herdís Hubner fjalla um lestur og þýðingar bóka. Herdís hefur þýtt meðal annars bækurnar: Ég fremur en þú og Dóttir húshjálparinnar. Steinunn Guðmundsdóttir Formaður IOTA deildar



**Iotadeild var stofnuð
5. júní 2004
og starfar hún á
norðanverðum Vestfjörðum.**

Peta

Við í Þetadeild hófum veturinn hjá okkur með fundi þann 17. september 2018. Þar voru við með þessa hefðbundnu dagskrárliði, ásamt því að deildarstjórnin kynnti vetrarstarfið. Áætlaðir eru sjö fundir í vetur og skipað var í nefndir til að virkja fleiri félagskonur í skipulagningu þeirra. Þema starfsársins er í anda framkvæmdaráðs „Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra, eflum leiðtogann í sjálfum okkur“.



Á þessum fundi var tekin inn ein ný félagskona, Anna Soffía Wahlström og erum við mjög ánægðar með að fá hana í hópinn okkar.

Annar fundur vetrarins var haldinn 16. október 2018 og þá fórum við í heimsókn á Fræðsluskrifstofuna í Hafnarfirði þar sem Fanney Dóróthea Halldórsdóttir sviðsstjóri tók á móti okkur og kynnti starfsemi sviðsins. Fór hún yfir skipuritið og stöðugildi, sagði frá þeim stofnunum sem heyra undir sviðið og kynnti þau fjölmörgu verkefni sem verið er að vinna að. Mjög fróðlegt var að kynnast starfsemi þar og greinilega mjög mörg áhugaverð verkefni í Hafnarfirði.

Framundan er spennandi vetur hjá Þetadeild en þann 26. nóvember n.k. verða 20 ár síðan deildin var stofnuð. Stjórnin ásamt nokkrum deildarkonum eru að undirbúa afmælisfund sem verður haldinn þá. Er stefnan að halda veglegan afmælisfund þar sem þessum tímamótum verður fagnað.

Eftir áramót verða síðan fastir liðir eins og bókafundurinn og vorferðin, ásamt öðrum áhugaverðum fundum með fjölbreyttu efni.



**Þetadeild var stofnuð
26. nóvember 1998
og starfar á Suðurnesjum**



Jólagjöfin

-saga eftir Ingibjörgu Elsu Björnsdóttur

Snædís skalf af kulda. Hún var búin að bíða í biðröð hjá Fjölskylduhjálpinni og núna stóð hún fyrir utan hús Mæðrastyrksnefndar eins og fölgult, hrímað lauf í nöprum haustvindi. Hún vann við að gera hreint hjá öldruðum og var á lægstu launum íslensks samfélags. En það versta var að hún vissi ekki lengur hvað tímanum leið. Gamla fermingarúrið hennar hafði bilað á aðventunni og hún hafði ekki efni á því að kaupa sér nýtt úr.

Morguninn eftir var Snædís að taka til hjá Selmu gömlu. Selma var 89 ára gömul kona sem sá inn í fleiri en einn heim. Selma sagði að læknarnir að handan kæmu til sín á næturnar til að lækna sig og hún talaði oft við fólk sem enginn annar sá. Sumir voru hálf hræddir við Selmu en Snædís fann bara vináttu og tryggð frá gömlu konunni sem horfði á Snædís með ljósbláum augum sem geisluðu af innri eldi þess sem hefur varðveitt sálu sína.

Ég kem ekki aftur fyrr en eftir jól sagði Snædís að skilnaði við Selmu og fór í kápuna sína og setti á sig vettlingana. – Ég er með svolítið smáræði handa þér ljúfan sagði Selma skyndilega og rétti fram hnýttu, brúnblettotta hönd sem hélt á smáum rauðum jólapakka. – Ó, ég má eiginlega ekki taka við gjöf frá þér, sagði Snædís og roðnaði. – Það er bara á milli okkar svaraði Selma og brosti kankvíslega um leið og hún ýtti pakkanum ákveðin í átt til



Snædísar. Snædís brosti, tók við pakkanum og knúsaði gömlu konuna að skilnaði. Aðfangadagur gekk í garð friðsæll og mildur. Snjóflyksurnar féllu niður úr himinhvelfingunni eins og litlir englar og Snædís sat ein í litla leiguherberginu sínu á Vesturgötunni. Þá mundi hún skyndilega eftir jólapakkanum hennar Selmu. Snædís klippti rauða jólapappírinn varlega utan af gjöfinni. Við blasti hið snotrasta kvenmannsúr, gullslegið með gylltum vísu. – Hvernig gat hún vitað að mig vantaði einmitt þetta, hugsaði Snædís og fór að brynna músum. Gráturinn var frelsandi, kærkominn og losaði um sársaukann innra með Snædís sem hafði safnast upp í vonlausri lífsbaráttunni yfir allt árið.

Um nóttina dreymdi Snædís að Selma kom til hennar og brosti fallega til Snædísar. Selma leit vel út. Var komin í íslenskan búning og var á leiðinni heim í sveitina sína austur í Landeyjunum þar sem fagurblár fjallahringurinn blasti við og heiðríkja himinhvelfingarinnar ríkti yfir gamla bænum. Daginn eftir hringdi síminn hjá Snædís. Dóttir Selmu var í símanum. - Selma hafði kvatt þess jarðvist á jólanótt.

Frá Námstyrkjanefnd

Samtökin okkar á alþjóðavísu verja árlega ákveðinni fjárupphæð til styrkja og viðurkenninga af ýmsum toga, þar er Delta Kappa Gamma á Íslandi engin undantekning en meginhlutverk íslenska námsstyrkjasjóðsins er að styrkja félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi sem vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi eða stunda annað sambærilegt framhaldsnám. Sjóðurinn heyrir beint undir stjórn landssambandsins og ber stjórn landsambandsins ábyrgð á að auglýsa úthlutun úr sjóðnum hverju sinni. Veitt er úr sjóðnum annað hvert ár, það ár sem landssambandsþing er haldið. Styrkurinn er afhentur á landsambandsþingi. Upphæð til úthlutunar er ákveðin af landssambandsstjórn hverju sinni. Umsóknir eru sendar til námsstyrkjanefndar og velur hún úr umsóknum sem berast. Umsóknarfrestur um styrkinn er til og með **1. mars** það ár sem úthluta á úr sjóðnum. Nánari upplýsingar um styrkinn má sjá á heimasíðu DKG á Íslandi á slóðinni <https://www.dkg.is/is/styrkir/namsstyrkjasjodur> Á heimasíðu samtakana á Íslandi, undir styrkir, má finna upplýsingar um ýmsa erlenda styrki

samtakanna sem félagskonur geta sótt um. Þar má helst nefna Lucille Cornetet sjóðinn en hann veitir styrki í ýmis menntandi verkefni sem ekki eru á vegum DKG. Næsti umsóknarfrestur þar er 1. febrúar. Einnig má benda á Scholarship sjóðinn en hann styrkir DKG konur í masters- og doktorsnámi. Umsóknarfrestur um hann er einnig 1. febrúar. Til að nálgast eyðublöð og aðrar upplýsingar um þessa sjóði þurfa félagskonur í flestum tilfellum að vera skráðar inn á vef alþjóðasambandsins. Ég hvet allar félagskonur til að kynna sér vel upplýsingar um styrki sem í boði eru og vera duglegar að sækja um.

Fyrir hönd Námstyrkjanefndar
María Steingrímisdóttir, Betadeild



Vefurinn okkar

Á slóðinni <http://dkg.is> má finna vef lands-sambandsins. Undirrituð, sem vefstjóri lands-sambandsins, sér um þann vef. Á sömu slóð má einnig finna vefi deilda en hver deild (formaður og stjórn) er ábyrg fyrir því efni sem þar fer inn. Oftast er skipaður sérstakur vefritari í deildum sem sér um daglega umsýslu á vefnum í umboði stjórnar.

Á myndinni hér til hliðar sést valmynd lands-sambandsvefsins sem alltaf er sýnileg á forsíðu. Þar er reynt að flokka saman það efni sem skylt er því ekki þykir góð aðferðafræði að hafa allt efni vefsins sýnilegt í valmyndinni því þannig yrði hún ógnarlöng.

Það yrði of langt mál að telja upp alla þá þætti sem undir þessum flokkum leynast en reynt er að gefa þeim lýsandi nöfn með tilliti til innihalds og draga fram það efni sem ætla má að félagskonur hafi mest gagn af. Góðar ábendingar um það sem betur má fara í þeim efnunum eru þó alltaf velkomnar.

Ég vil í þessum pistli sérstaklega vekja athygli á þremur flokkum vefsins en það eru flokkarnir [Deildastarfið](#), [Alþjóðaráðstefnan 2019](#) og [Þekkingarforðinn](#).

Deildastarfið

Undir flokknum Deildastarfið má finna það efni sem líklegt er að deildir hafi mest gagn af í dagsins önn og starfi deilda. Þar eru nöfn og fjöldi deilda tíunduð, tengill í DKG vörur (nælur,

Deildastarfið

- Deildir
- Handbók
- DKG vörur
- Efni fyrir formenn
- Efni fyrir vefritara**
 - Vottun á vef
- Upplýsingatækni
- Eyðublöð
- Afrikuverkefnið
- Frá orðum til athafna

Valmynd

- Forsíða
- Um DKG
- Stjórn og nefndir
- Þing og námskeið
- Alþjóðaráðstefnan 2019
- Deildastarfið
- Þekkingarforðinn
- Útgáfa og fréttabréf
- Styrkir
- Stiklur úr starfinu
- Góðir hlutir gerast
- Tenglar í erlendar síður
- Fréttir
- Myndir
- Facebook Ísland
- Facebook Evrópa

töskur, o.fl.), þar má finna tengilinn **Efni fyrir formenn** en undir honum er efni sérstaklega ætlað formönnum og stjórnunum: lög og reglur, handbók formanna, tenglar í eyðublöð, inntökuhefðir, hugmyndir að verkefnum, o.s.frv). Þar er einnig efni sem ætlað er **vefriturum** deildanna. Má þar nefna leiðbeiningar um hvernig setja á inn efni á vefinn, umfjöllun um vottun alþjóðasambandsins á vefjum landsambanda og deilda sem allir vefritarar þurfa að kynna sér (fer fram annað hvert ár, á jafnri tölu), ýmislegt um upplýsingatækni, o. s. frv.

Alþjóðaráðstefnan 2019

Alþjóðaráðstefnan sem haldin verður hér á Íslandi næsta sumar hefur sérstakan tengil í veftrénu, en þar má finna upplýsingar um

stýrihóp og vinnunefndir sem skipaðar hafa verið varðandi ráðstefnuna, en einnig er þar tengill í sérstakan vef sem mun halda utan um öll gögn og upplýsingar varðandi ráðstefnuna sjálfa.

Þekkingarforðinn

Undir tenglinum *Þekkingarforðinn* er ætlunin að safna saman á einum stað upplýsingum um það efni sem félagskonur eru tilbúnar að gefa kost á sér að fræða aðra um, t.d. á fundum.

Hugsunin er sú að þarna sé hægt að mynda smá gagnagrunn sem leita má í þegar deildir og jafnvel áhugasamir utan samtakanna eru að skipuleggja fundi, málþing eða aðrar uppákomur. Konur eru eindregið hvattar til að senda vefstjóra sitt „tilboð“, því flestar eigum við í fórum okkar eitthvað efni sem við erum tilbúnar að fjalla um ef eftir því er leitað.

Í viðbót við þessa þrjá flokka er rétt að vekja athygli á flokknum **Styrkir** en um þann flokk hefur verið fjallað hér frammar.

Rétt er að vekja athygli á að til að nálgast eyðublöð og ýmislegt annað efni á alþjóðavefnum (<http://www.dkg.org>) þarf núna aðgangsheimildir, þ.e.a.s konur þurfa að „logga sig“ inn á vefinn með því að smella á Sign in. Í Username reitinn þarf að skrá félaganúmerið sitt (**Member ID**) og í Password reitinn skal skrá **dkg2014society**. Eftir að inn er komið á að breyta passwordinu í eitthvað sem maður velur sjálfur. Ef félagskonur vita ekki ID númer sitt (stendur á félagsskírteininu sem við fáum þegar við greiðum árgjaldið), eiga gjaldkerar deilda að geta gefið upplýsingar um það.

Hér hefur verið stiklað á stóru og bent er á að „sjón er sögu ríkari“, því eru félagskonur hvattar til að skoða vefinn reglulega og kynna

sér það sem þar er að finna. Vefur sem þessi gefur ekki tilefni til beinna samskipta (til þess höfum við Facebook hópinn) en er engu að síður það svæði sem heldur utan um sögu samtakanna og flestar þær upplýsingar sem við þurfum á að halda í starfsemi okkar.

Að lokum vil ég taka fram að allar ábendingar um villur og það sem betur má fara á vefnum, eru hjartanlega velkomnar ☺

Með jólakveðju!

Eygló Björnsdóttir, vefstjóri
(eyglob@gmail.com)





Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfu*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Hautfréttabréf 2017



Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:
<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>